



Fimmta smáforritið í jólabema 2017 er Sway <https://sway.com/>. Forritið er ókeypis margmiðlunarforrit frá Microsoft og útkoman er einföld vefsíða eða rafbók. Mögulegt er að nýta það á fjölbreyttan hátt í öllum fögum og skólastigum. Hentar vel til samvinnuskrafa þar sem margir geta unnið í sama skjali.

Forritið sem er veflægt og smáforrit fyrir [iPad](#) og [Windows 10](#), er mjög einfalt í notkun. Auðvelt er að deila tilbúnum verkefnum á samfélagsmiðla, sem vefslóð eða í tölvupósti.

Nauðsynlegt er að stofna notandaaðgang með netfangi. Í sumum tilvikum getur verið gott að stofna bekkjar- eða hópaðgang og nýta til þess einnota tölvupóstföng. Ég mæli með að stofna Microsoft notandaaðgang.

Microsoft Sway er eitt af Office „skýja“ forritunum. Ef þú hefur Office365 aðgang í gegnum skólann þinn getur þú nýtt hann til að vinna í Sway.

Dæmi um notkun:

- Fréttabréf
- "Vefsíða"
- Rafbók
- Auglýsing
- Umfjöllun um viðburði
- Heimavinnuáætlun
- Kennsluáætlun
- Bekkjarsáttmáli
- Skólareglur
- Kynning
- Ritgerð/skýrsla
- Kennsluleiðbeiningar
- O.fl.